



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
15 - 108 Reykjavík, Iceland  
C (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 3. júlí 2006  
Tilvisun: UST20060600113/bs

### Jarðgöng undir Vaðlaheiði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Hér um er að ræða gerð 7.2 km langra jarðganga undir Vaðlaheiði frá Halllandi á Svalbarðsströnd að Skógum í Fnjóskadal.

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru að stórum hluta á ræktuðu landi.

Helstu neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar gætu orðið sjónræn áhrif annars vegar vegna vegagerðar, þ.e. skeringa og fyllinga í Fnjóskadal og hins vegar vegna haugsetningar útmoksturs í Eyjafirði.

Góð hönnun vega sem og góð staðsetning hauga geta dregið verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi frekari grein fyrir landmótun vegna skeringa sem og staðsteningu og últiti hauga. Huga þarf að haugsetningu til frambúðar á ónothæfu efni og haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði til að vinna og lagera efni.

Umhverfisstofnun telur að frekari upplýsingar um ofangreind atriði þurfi að liggja fyrir til að unnt verði að gefa umsögn um framkvæmdina.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefánsson

Helgi Þensson  
Forstöðumaður